

# Réttur þinn

Mikilvægar upplýsingar  
fyrir erlendar konur  
á Íslandi

## حقوقك

معلومات هامة للنساء  
الاجنبيات في ايسلندا



Íslenska



Arabíska

Bæklingur þessi er útgefinn af Jafnréttisstofu og styrktur af Progress áætlun Evrópusambandsins og Þróunarsjóði innflytjendamála. Hann er ætlaður erlendum konum á Íslandi og öðrum sem vilja fræðast um jafnrétti á Íslandi, réttindi og skyldur. Texti bæklingins er unninn af Stígamótum í samvinnu við Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands, félags- og tryggingamálaráðuneytið, Útlendingastofnun, Samtök kvenna af erlendum uppruna, lögregluna á Höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg, Kvennaathvarfið og Fjölmenningssetur.



FÉLAGS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



© Jafnréttisstofa

Borgum við Norðurslóð - 600 Akureyri

Sími: 460 6200 - Fax: 460 6201

Netfang: jafnretti@jafnretti.is - Vefslóð: www.jafnretti.is

Reykjavík 2011

Hönnun/prentun: Oddi, umhverfsvottuð prentsmiðja



ISBN 978-9935-428-05-9 pr. útg. ísl-arabíska  
ISBN 978-9935-428-11-0 rafr. útg. ísl-arabíska

هذا الكتيب صادر عن جمعية المساواة دعم من "بروجريس" لتعريف النساء الاجنبيات في ايسلندا و بحقوقهن و واجباتهن و الاخرين اللذين يودون المعرفة . تم صياغة هذا الكتاب بالتعاون مع "ستيغاموتن" و مع جمعية المساواة و مؤسسة الضمان الاجتماعي , و وزارة الداخلية , و جمعية النساء من اصول اجنبية , و شرطة منطقة العاصمة , بلدية ريكافيك , و جمعية حماية المرأة و اتحاد الحضارات.

## Inngangur

Í þessum bæklingi er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar varðandi íslenskt réttarkerfi og íslenskt samfélag. Upplýsingar um jafnan rétt og jafna stöðu kynja, dvalarleyfi, skilnaði, forsjármál, umgengnisréttarmál, fjármál, ofbeldi í nánum samböndum og hótanir. Hér er einnig að finna vísan í frekari upplýsingar um aðstoð, til dæmis heimilisföng, símanúmer og heimasíður ýmissa stofnana og samtaka.

## Jafnrétti kynja – jafnrétti allra

Allir einstaklingar á Íslandi hafa sömu réttindi og bera sömu skyldur samkvæmt lögum. Það gildir óháð kyni, litarhætti, kynþætti, þjóðerni, uppruna, trúarbrögðum, lífsskoðunum, efnahag, ætterni, kynhneigð, fötlun og stöðu að öðru leyti. Í því felst réttur til að ráða yfir lífi sínu og líkama, til að afla sér tekna og skylda til að sjá fyrir fjölskyldu sinni, annast börn sín og taka þátt í samfélaginu.

Karlar og konur eru jafningjar, líka í hjónabandi.

## Fjármál

Allir einstaklingar eldri en 18 ára eru fjárráða. Það þýðir að þú átt að ráða yfir þínum tekjum og eignum, getur átt bankareikning á þínu nafni sem þú ræður yfir og aðrir hafa ekki aðgang að. Þú ræður í hvaða banka þú átt reikning.

Ekki skrifa undir nein gögn án þess að hafa fengið kynningu á innihaldi þeirra frá hlutlausum aðila og þú vitir hvaða skuldbindingar felast í undirskriftinni.

المدخل – يحتوي هذا الكتيب على معلومات مفيدة يمكن من خلالها فهم القانون و النظام الاجتماعي السائد يتضمنه معلومات عن الحقوق و المساواة بين الجنسين , الإقامة , الطلاق, الحضانة, الحالة الاقتصادية , العنف و التهديد الاسري.

نجد ايضاً معلومات عن طريق المساعدة مثل عناوين و ارقام هواتف و مواقع الكترونية لجمعيات و مؤسسات

## المساواة بين الجنسين و المساواة بين الجميع

كل شخص في ايسلندا له نفس الحقوق و عليه نفس الواجبات حسب القانون . القانون يسري على الجميع بغض النظر عن جنسه, لونه , عرقه , اصله , دينه , فكره , او الحالة المادية او ان كان يعاني من اعاقة . للجميع الحق بالاستقلالية من جميع النواحي لتحمل مسؤولية نفسه و عائلته , لتقوم بدوره تجاه اطفاله و اتجاه مجتمعه.

الرجال و النساء متساوون حتى في الحياة الزوجية

## الاقتصاد:

كل شخص بلغ سن 18 هو مستقل اقتصادياً. بما معناه انك مسؤول عن دخلك و ممتلكاتك و يحق لك ان تملك حسابك في البنك و ليس من حق احد الاطلاع عليه و انت تقرر في اي بنك تفتح حسابك .

\*لا توقع على اي ورقة دون ان تعرف جيداً ما محتواها و يمكن الاستعانة بشخص اخر ليس له علاقة بموضوع الورقة و تكون مسؤولاً عن توقيعك على اي مستند.

Samkvæmt lögum eru launin þín lögð inn á þinn eigin bankareikning og þú átt að fá launaseðil í hvert skipti sem þú færð útborgað. Þú borgar skatta af laununum þínum og færð persónuafslátt á móti.

## Hjónaband

Hjón taka bæði ákvarðanir varðandi málefni fjölskyldunnar og hvorugt ræður yfir hinu. Þau eru framfærsluskyld við hvort annað, það þýðir að báðir aðilar eiga að leggja fram peninga til heimilisins og annars sameiginlegs kostnaðar. Ef annað hvort hjóna á ekki peninga í sérþarfir eins og lyf, snyrtivörur, föt eða annað, á hitt að leggja fram fé til þess. Framlag til heimilis þarf ekki að vera peningar, vinna á heimili eða annar stuðningur við fjölskyldu er það líka. Það hjóna sem getur lagt fram fé, skal leggja fram hæfilega fjárhæð fyrir heimilishaldi, þörfum barna og sérþörfum, miðað við getu og aðstæður.

Bæði karlar og konur hafa rétt á að velja sér maka og ráða því maka-vali sínu. Enginn er skyldugur til að ganga í hjónaband. Einnig er leyfilegt að búa saman án þess að ganga í hjónaband. Samkynhneigðir hafa sama rétt til að ganga í hjónaband og gagnkynhneigðir.

Það er refsivert samkvæmt íslenskum lögum að neyða einhvern, hvort sem er karl eða konu, til að ganga í hjónaband. Ef þú hefur verið neydd/ur til að ganga í hjónaband eða ert að reyna að losna úr nauðungarhjónabandi, getur þú fengið ráðgjöf og aðstoð hjá Kvænnaathvarfinu ([www.kvænnaathvarf.is](http://www.kvænnaathvarf.is)), Kvænnaáðgjöf-inni ([www.kvænnaadgjofin.is](http://www.kvænnaadgjofin.is)), Fjölmenningssetri ([www.mcc.is](http://www.mcc.is)) og félagsþjónustu í þínu sveitarfélagi. Sama gildir ef þú ert beitt ofbeldi af maka þínum/sambýlismanni/kæra. Sjá nánar kaflann um ofbeldi.

حسب القانون يدخل راتبك الى حسابك البنكي و مع كل راتب يجب حصولك على كشف راتب و تدفع الضريبة و تسترد التخفيض الشخصي بالمقابل .

الحياة الزوجية : القرارات في العائلة تتخذ من قبل الزوجين و ليس هنالك من احد ولي على الاخر و مسؤوليتهما تجاه بعضهما البعض اقتصادياً مسؤولية مشتركة و هذا معناه ان الاثنين مسؤولين عن نفقات الاسرة . اذا كان احدهما لا يملك مالا لنفقات خاصة مثل الدواء او مواد التجميل او الملابس فيجب على الاخر اعطاءه اياه , و المشاركة في المنزل لا تعني المساهمة مادياً فقط في المنزل و انما المشاركة في الاعمال المنزلية و النشاطات الاجتماعية العائلية و ايضاً الدعم العائلي .

اذا كان اي من الزوجين قادر على دعم العائلة مادياً فيجب تقديم دعم كافي ايضاً للاحتياجات المنزلية و احتياجات الاطفال و الاحتياجات الخاصة مما يتناسب مع قدراته ووصفه بشكل عام.

## الحياة الزوجية:

كل من الرجل و المرأة يمتلكان الحق في اختيار شركاء حياتهم حيث انه لا احد مجبر على الزواج و يسمح لاي شخصين بالعيش معاً دون زواج و للمثليين الحق في الزواج تماماً كغيرهم .

يعاقب القانون كل شخص يجبر شخص اخر "رجل او امرأة" على الزواج. اذا اجبرت على الزواج او اردت التخلص من الزواج اللذي اجبرت عليه يمكن اللجوء الى المساعدة من جمعية حمايه النساء من خلال الاتصال بهم على الموقع او بالاستشارات [www.kvænnaathvarf.is](http://www.kvænnaathvarf.is) او مركز تجمع الحضارات [www.mcc.is](http://www.mcc.is) او الاتصال على الشؤون الاجتماعية في بلدتك و ايضاً تستطيع الاتصال بجميع هذه المؤسسات اذا تعرضت للعنف من قبل زوجك او شريكك بالسكن او صديقك او اياً كان.

## Sambúð

Þegar fólk er í sambúð, þá á það hvort um sig þær eignir sem það er skráð fyrir og sameiginlegar eignir skiptast milli þeirra við slit sambúðar. Ef annar aðilinn er skráður eigandi allra eigna getur hinn gert kröfu um hlutdeild í eignamyndun á sambúðartímanum, sem þýðir að þá er metið hversu mikið hvort þeirra hefur lagt til við að mynda þær eignir sem eru til staðar við sambúðarlok. Ef framlagið hefur verið jafnt þá er líklegt að dómari úrskurði um að eignir skiptist jafnt á milli aðila. Annars skiptast eignir hlutfallslega milli aðila og byggir dómari þá úrskurð sinn á mati á þeim eignum sem aðilar áttu við upphaf sambúðar og tekjum aðila og eignamyndun á sambúðartímanum. Ef annar sambúðarmaka fellur frá þá á hinn ekki erfðarétt eftir hann.

Ef fólk í sambúð á barn eða börn saman þá er sameiginleg forsjá meginreglan við slit sambúðar eins og við hjónaskilnað. Ef ekki er samkomulag um forsjá, þarf að leita til dómstóla. Sjá nánar kaflann um forsjá.

## Getnaðarvarnir og þungun

Ef þú átt von á barni þá ferðu í mæðraskoðun á næstu heilsugæslustöð eða heilbrigðisstofnun þar sem þú býrð, þá fyrstu venjulega í kringum 13. viku meðgöngutímans, þér að kostnaðarlausu.

Ef þú verður ófrísk og vilt ekki eignast barn getur þú óskað eftir fóstureyðingu. Ef félagslegar eða læknisfræðilegar ástæður eru fyrir hendi er slík ósk samþykkt. Læknir framkvæmir fóstureyðingu á sjúkrahúsi. Konur sem vilja fóstureyðingu þurfa að ræða það við lækni og félagsráðgjafa, fylla út umsókn og fara í lækniaskoðun. Það kostar ekki neitt ef þú ert skráð í íslenska heilbrigðiskerfið (það gerist eftir 6 mánuði með lögheimili á Íslandi eða ef þú ert EES borgari og hefur lagt fram gilt vottorð frá þínu heimalandi, t.d. E-104). Fóstureyðing skal framkvæmd eins fljótt og hægt er, í síðasta lagi á 10.-12. viku meðgöngutímans.

## السكن المشترك "دون زواج"

عندما يعيش اثنان سوياً دون زواج كل منهم تبقى ممتلكاته التي امتلكها قبل العلاقة له اما الاملاك المشتركة تقسم بينهم عندما تنتهي العلاقة , اذا كانت كل الاملاك مكتوبة باسم احدهم فقط يمكن للاخر ان يطالب بحقه الذي ساهم فيه خلال فترة الاقامة مع الاخر بما معناه معاينة الاملاك و تقدير مساهمة الاثنين في اقتناء الاملاك فاذا كانت المساهمة متساوية فتقسم الاملاك بالتساوي بامر من القاضي اما اذا كان غير ذلك فتقسم بالنسبة التي يدرسها القاضي استناداً على الاملاك التي كان يملكها الشركاء ما قبل العلاقة و دخلهم و املاكهم خلال العلاقة .اذا توفى احدهم خلال العلاقة ليس للاخر الحق في الميراث.

اذا كان للمقيمين سوياً دون زواج طفل او اطفال فتكون حضانة الاطفال عند انتهاء العلاقة تماماً كما في الانفصال بعد الزواج و ان لم يتفقا الطرفين فعليهم ان يتوجها للقضاء .  
للمعلومات اقرأ في الحضانه.

## الحمل و الوقاية منه

ان كنت حامل عليك التوجه الى مستوصف او اي مركز صحي خاصه في الاسابيع الثلاثة عشر الاولى من الحمل و يكون الفحص مجاني.

ان حملتي و لا تريدين الانجاب يحق لك ان تطلبي اجهاض الجنين و اذا كانت الحالة الاجتماعية و الصحية تسمح بذلك فيتم الموافقة على الطلب . و يتم الاجهاض من قبل الاطباء في المستشفى . و على النساء اللواتي يطلبن الاجهاض ان يتحدثوا الى الطبيب و المرشد الاجتماعي و املاء استمارة لذلك و الذهاب لفحص طبي. و هذا كله مجاني لكل من هو داخل في نظام الصحة الايسلندي و ذلك يحصل بعد 6 اشهر من نقل عنوان الشخص الى ايسلندا او اذا كان مقيم في دول الاتحاد الاوروبي و يجب عليه احضار اثبات بذلك من بلده على سبيل المثال "ي-104". عملية الاجهاض يجب ان تتم باسرع وقت ممكن فاخر موعد هو في الاسبوع 10-12 من بداية الحمل.

Þú ræður sjálf yfir líkama þínum. Þess vegna ræður þú hvenær eða hvort þú vilt eignast barn, eða hvort þú vilt nota getnaðarvarnir til að forðast þungun. Þú getur fengið upplýsingar um getnaðarvarnir hjá þínum heimilislækni eða heilsugæslustöð.

Á meðgöngu getur ofbeldi sem er til staðar í sambandi magnast. Einnig kemur það fyrir að karlar byrja að beita ofbeldi þegar konan á von á barni. Þú getur leitað ráða og aðstoðar vegna ofbeldis hjá ljósmóður, hjúkrunarfræðingi eða lækni í mæðraskoðun.

## Ofbeldi í nánnum samböndum

Ofbeldi er refsivert, sama hver beitir því og hver verður fyrir því.

Öllum er skylt að láta vita í síma 112 ef grunur leikur á að barn sé beitt líkamlegu, andlegu eða kynferðisofbeldi.

Nauðgun og kynferðisleg misbeiting í hjónabandi, sambúð eða ástarsambandi er refsiverð. Maki þinn á ekki rétt á kynmökum hvenær og hvernig sem stendur á, heldur aðeins ef þú vilt það líka.

Ef þú býrð við ofbeldi getur þú leitað til Kvennaathvarfsins (sími 561-1205) eða lögreglu (sími 112). Það er mikilvægt að kalla á lögreglu og fara á Slysadeild eða til læknis þar sem öll tilvik eru skráð og það getur meðal annars skipt máli varðandi framlengingu dvalarleyfis eftir skilnað. Sjá kaflann um dvalarleyfi.

Kvennaathvarfið er opið allan sólarhringinn og þar geturðu búið tímabundið ein eða ásamt börnum. Það er ekki skilyrði að þú hafir orðið fyrir líkamlegu ofbeldi, þú getur líka leitað til Kvennaathvarfsins ef þú hefur orðið fyrir andlegu ofbeldi eða hótunum um ofbeldi. Í Kvennaathvarfinu er boðið upp á viðtöl og þar færðu aðstoð við að leita til lögreglu, læknis og félagsþjónustu. Dvöl fyrir

Jesmk لك فبذلك انت تقررین متى ان كنت تريدین الانجاب و ایضاً تقررین ان كنت تريدین استخدام وسائل الوقایة من الحمل و تستطيعین ان تتلقى استعلامات عن وقایة الحمل لدى طبيبك او في المراكز الصحية.

في فترة الحمل ممکن ان تتصاعد وتيرة العنف اذا كانت موجودة من قبل . و ایضاً من الممكن ان یبدا بعض الرجال بممارسه العنف ضد نسائهم . تستطيعین استشارة الممرضة او الطبيب او القابلة لمساعدتك في هذا الموضوع.

## العنف في الاسرة:

استخدام العنف يعاقب علیه بغض النظر من یستخدمه و من یستخدم ضده .

يجب على الجميع التبليغ بالاتصال على الطوارئ على رقم 112 ان كان يشك او يعرف عن طفل يتعرض للعنف من جميع النواحي جسدي , جنسي , نفسي.

الاعتصاب و العنف الجسدي في الحياة الزوجية و العلاقات الاجتماعية و علاقات الحب تلقى بالعقوبة , ليس للشريك الحق في علاقة جنسية في اي زمان و مكان یریده بل يجب ان تكون بموافقتك و ارادتك ایضاً.

ان كنت تتعرضين للعنف بإمكانك الاتصال على جمعية حماية المرأة على هاتف 5611205 او على الشرطة 112 و بالضرورة يجب الاتجاه الى الشرطة او قسم الطوارئ في المستشفى او الطبيب لان كل الاحداث تسجل و بذلك تؤثر على تاشيرة الإقامة بعد الانفصال للمزيد اقرا بصفحة الإقامة.

جمعية حماية المرأة تستقبل الحالات على مدار الساعة و هنالك يمكن المكوث مؤقتاً لوحدك او برفقة الاطفال و ليس بالشرط ان تتعرضي للعنف الجسدي لكي تتوجهي هناك بل اذا تعرضتي للعنف النفسي او التهديد بالعنف. في جمعية حماية المرأة تتوفر لديك الفرصة للاستشارة و تقبل المساعدة و يمكنهم مساعدتك بالاتصال بالشرطة او الخدمة الاجتماعية و الطبيب و يكون المكوث للاطفال

börn er ókeypis en þær konur sem geta borgað greiða smávægilega fjárhæð. Fengin er aðstoð túlks ef þess þarf.

## Neyðarmóttaka vegna nauðgana

Á Íslandi eru starfræktar tvær neyðarmóttökur vegna nauðgunar fyrir fólk sem orðið hefur fyrir nauðgun, tilraun til nauðgunar eða annars kynferðisofbeldis. Önnur er í Reykjavík, á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss í Fossvogi og hin á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Best er að hringja fyrst og biðja um þjónustu hjá neyðarmóttökunum.

## Hótanir

Ofbeldismenn beita oft hótunum til að kúga. Dæmi um hótanir, sem ofbeldismaður beitir gjarnan konu sína af erlendum uppruna, er að hann geti með einu símtali látið vísa konunni úr landi, ýmist með því að gefa lögreglu eða Útlendingastofnun rangar upplýsingar eða af því að hann eigi vini innan lögreglunnar eða hjá Útlendingastofnun. Önnur algeng hótun er að maðurinn fái forsjá barns þeirra eða barna vegna þess að konan sé af erlendum uppruna eða hann muni segja yfirvöldum að hún sé óhæf móðir.

Það þarf ekki að óttast hótanir eins og þessar. Hvort sem um er að ræða rétt til dvalar á Íslandi, hvort foreldra skuli fara með forsjá barna eða eitthvað allt annað sem opinberum aðilum ber að ákvarða, fara þeir eftir lögum, skoða aðstæður og atvik hvers máls fyrir sig og byggja ákvörðun sína á þeim. Niðurstaðan fer því aldrei eftir vilja eða orðum eins einstaklings.

Að taka af þér vegabréfið þitt eða önnur skilríki til þess að hefta ferðafrelsi þitt eða svo þú getir ekki gert grein fyrir þér, er refsivert.

مجاني اما النساء القادرات على دفع النقود يمكنهم ان يدفعوا مبلغاً رمزياً و بالامكان الاستعانة بمرجع ان احتاج الامر.

## استقبال الطوارئ في حالات الاغتصاب

هنالك مركزين طوارئ في ايسلندا لحالات الاغتصاب او محاولة الاغتصاب التحرش الجنسي الاولى في ريكيافيك في قسم الطوارئ في مستشفى الجامعة fossvogur Akureyri الرئيسي في و الثاني في طوارئ مستشفى في Fjorotugssivrvahus المفضل الاتصال بالمراكز قبل الوصول للتجهيز.

## التهديد

العنيفين يستخدمون التهديد للاضهاض مثال على التهديد التي يتعرض لها النساء الاجنبيات هو " بمكالمة واحدة يمكنه ان يطرد امراته من البلاد اما التبليغ عن معلومات باطلا للشرطة او وزارة الداخلية او انه يعرف صديق في الشرطة او وزارة الداخلية "

مثال اخر هو ان يقول ان الرجل يملك حق الحضانة لان الام الاجنبية او ان سيبلغ المسؤولين اذا الام غير صالحة للحضانة.

لا داعي للخوف من تهديدات كهذه , عن الإقامة في البلاد او الحضانة او اي شيء يتعلق بقرار السلطات للتقرير به لان القانون سيطبق بكل الحالات حيث يتم البحث في كل حدث على حده و يقرر على غرار البحث به فبذلك لن يحكم ابدأ حسب رغبة او شهادة شخص واحد.

ان يحجز جواز سفرك او اي هوية لك ليمنعك من السفر او ما شابه او لمنعك من اظهار شخصيتك يعاقب عليه حسب القانون.

## Skilnaður

Þú getur fengið skilnað hvort sem maki þinn vill hann eða ekki. Oftast er fyrst gefið leyfi til skilnaðar að borði og sæng og síðan er hægt að fá lögskilnað eftir eitt ár eða sex mánuði ef hjón eru sam-mála um að sækja um lögskilnað þá. Hægt er að sækja um lögskilnað strax ef maki þinn hefur haldið fram hjá þér eða beitt þig eða börn sem búa á heimilinu líkamlegu ofbeldi eða kynferðisofbeldi.

### a) Sáttavottorð

Ef hjón fara með forsjá barna undir 18 ára aldri þarf að leita sátta hjá presti, eða forstöðumanni löggilts trúfélags ef hjón tilheyra slíkum félögum hér á landi. Ef hjón eru í sitt hvoru trúfélaginu eða ef annað þeirra eða bæði eru ekki í trúfélagi er leitað sátta hjá sýslumanni eða dómara eftir því hvar skilnaðarmálið er til meðferðar. Sáttavottorð mega ekki vera eldri en sex mánaða þegar sótt er um skilnað. Ef hjón eiga engin börn, eða ef börnin eru orðin eldri en 18 ára, þarf ekki sáttavottorð. Í sáttavottorði kemur fram að prestur eða forstöðumaður hafi reynt að sætta hjón en ekki tekist.

### b) Skilnaðarleyfi útgefið af sýslumanni

Þú sækir um skilnað hjá sýslumanni í því umdæmi sem þú býrð. Til að sýslumaður geti gefið út leyfi til skilnaðar að borði og sæng þurfa hjón að gera skriflegt samkomulag um skiptingu eigna og skulda. Samkvæmt lögum skiptast eignir jafnt milli hjóna við skilnað, nema séreignir (til dæmis vegna kaupmála), en hvort um sig ber ábyrgð á sínum skuldum. Það þýðir að þú tekur bara þær skuldir sem þú ert ábyrg fyrir, til dæmis helming skuldar vegna yfirdráttar á sameiginlegum reikningi, eða helming skuldar vegna sameiginlegs greiðslukorts.

Ef ekki er samkomulag um forsjá, þarf að leggja fram staðfestingu á því að annað hvort hjóna hafi höfðað forsjármál fyrir dómi til að sýslumaður geti gefið út leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Nánari upplýsingar er að finna á: [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is).

## الطلاق

يحق لك الطلاق بغض النظر ان كان شريكك يريد ام لا يريد. في اغلب الحالات تعطى موافقة بالانفصال اولاً و بعد ذلك يمكن الطلاق القانوني بعد سنة او ستة اشهر اذا كان الزوجين متفقين على الطلاق. في الامكان طلب الطلاق الفوري في حالة ان الزوج او الزوجة قامو بخيانة زوجية او اذا مارس العنف الجسدي او الجنسي عليك او على اطفالك.

### شهادة التوفيق

اذا كانت حضانة الاطفال للزوجين اقل من 18 سنة لا يتوجب اللجوء الى الراهب لطلب شهادة التوفيق او مسؤول قانوني لجمعية دينية اخرى اذا كان الوالدين تابعين لها. اما اذا كان الزوجين لا ينتميا الى ديانة واحدة او ان كان احدهما او كلاهما لا ينتم الى فئة دينية فيتم توجه الاتنان الى قاضي او المحافظ. شهادة التوفيق يجب ان تكون صادره خلال سنة اشهر قبل تقديم طلب الطلاق على الاكثر. ان لم يكن للزوجان اطفال او اطفالهم اكبر من 18 سنة لا يتوجب اصدار شهادة توفيق. في شهادة التوفيق تكون شهادة الراهب او رجل دين انه حاول ان يوفق بين الزوجان و لم ينجح.

### ترخيص الطلاق يصدره المحافظ

تقديم طلب الطلاق يقدم للمحافظ في المنطقة التي تسكن بها. لا يصدر المحافظ تصريح انفصال قبل احضار اتفاقية موثقة بين الزوجين على الاملاك و الديون. القانون ينص ان الاملاك تقسم بالتساوي بين الزوجين الا في الحالات الخاصة مثل (اتفاقية شراء بين الزوجين) اما الديون فهي من مسؤولية التي على اسمه و تقسم الديون التي هي في حسابات مشتركة.

اذا لم تكن الحضانة متساوية بين الزوجين فيجب احضار شهادة من قاضي بان الحضانة مع احد الزوجين للمحافظ حتي يستطيع اصدار تصريح للانفصال للمزيد من المعلومات

[www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

## c) Skilnaður fyrir dómi

Ef annað hjóna mætir ekki til sýslumanns eða neitar að skilja þá þarf að ganga frá málinu fyrir dómstólum. Æskilegra er að ráða lögmann til að flytja málið fyrir dómi (þú mátt flytja málið sjálf). Þá þarf fyrst að liggja fyrir eignaskiptasamningur eða úrskurður héraðsdóms um opinber skipti<sup>1</sup> á búinu, og sér þá skiptastjóri um skiptingu eigna og skulda, ákvörðun lífeyris og svo framvegis. Til að ganga megi frá skilnaði fyrir dómi, þarf að liggja fyrir að búið hafi verið tekið til opinberra skipta. Ef ekki er samkomulag um forsjá barna má reka skilnaðarmálið og forsjármálið sameiginlega.

## Forsjá barna

## Hvað er forsjá?

Ef þú átt börn berðu ábyrgð á velferð þeirra og hefur skyldur gagnvart þeim. Til dæmis ber þér að vernda þau gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi. Forsjá þýðir að þú þarft að sjá fyrir öllum þörfum barnsins og taka ákvarðanir eins og hvar barnið á að búa, í hvaða skóla það á að ganga, hvort það lærir á hljóðfæri eða stundar íþróttir svo eitthvað sé nefnt. Forsjánni fylgir að þú þarft að mæta á foreldrafundi í leikskóla og skóla barnsins og þar sem barnið stundar íþróttir, tónlistarnám og svo framvegis. Hjón og sambúðarfólk hafa sameiginlega forsjá<sup>2</sup> og er það einnig meginreglan við skilnað eða sambúðarslit.

## Forsjármál útkljáð fyrir dómi

Meginreglan við skilnað er sameiginleg forsjá. Ef samkomulag næst ekki um forsjá barns verður að höfða dómsmál. Æskilegt er að fá lögmann til að reka málið og flytja það, þó þú megir flytja málið sjálf.

1 Opinber skipti = dómari ákveður að skiptaráðandi skipti búi, til dæmis við skilnað, eða dánarbúi.

2 Sameiginleg forsjá felur í sér rétt og skyldu fyrir báða foreldra til að taka ákvarðanir um persónuleg málefni barns og annast umönnun þess. Barnið á þó aðeins lögheimili hjá öðru foreldrinu. Ef forsjá er sameiginleg þarf samþykki þess foreldris sem barnið á ekki lögheimili hjá, ef fara á með barnið úr landi.

## الطلاق في المحكمة

إذا لم يحضر أحد الزوجين إلى المحافظ أو رفض أحدهم الطلاق يتوجب دفع القضية إلى المحكمة في هذه الحالة يفضل الاستعانة بمحامي و (بإمكانك المرافعة بنفسك إن اردت) و يجب بهذه الحالة ان يكون قد تم تقسيم الاملاك بين الزوجين او قرار محكمة بتقسيم الاملاك و يشرف مدير دائرة التقسيم على تقسيم الاملاك و الديون و ما يتبع. ليتم الطلاق في المحكمة يجب ان يصدر مرسوم رسمي بان الاملاك قد قسمت , و ان لم يتم الاتفاق على حضانة الاطفال فيتم تقسيم على الحضانة و الاملاك بالتوافق.

## حضانة الاطفال

## ما هي حضانة الاطفال؟

ان كان لديك اطفال فانت مسؤوله عن رعايتهم و مسؤوليات اخرى على سبيل المثال انتم مسؤوله عن حمايتهم من العنف الجسدي و المعنوي . حضانة الطفل تعني انك مسؤول عن تأمين احتياجاتهم جميعها و اتخاذ القرارات لهم كاتخاذ قرار مكان اقامتهم و مكان دراستهم او ان يتعلم موسيقى او الرياضة و الخ....

عندما تكون مسؤول عن حضانة الطفل يتوجب عليك حضور اجتماعات اولياء الامور في مدرسة الطفل او حضانتها او في مكان ممارسته اي من النشاطات كالرياضة او الموسيقى . المتزوجون او شركاء الحياة تكون الحضانة بينهم بالتساوي و غالبا تبقى كذلك بعد الانفصال او الطلاق.

## حسم حضانة الاطفال في المحكمة

اهم الامور المتعلقة بالطلاق هي حضانة الاطفال اذا لم يتفق الزوجين على الحضانة فيتم اقرارها في المحكمة و في هذه الحالة يفضل ان يعين محام بالرغم من انه بالامكان المرافعة بنفسك.

Dómari ákveður hvort foreldra skuli hafa forsjána út frá því sem er best fyrir barnið. Til dæmis skoðar dómari tengsl barnsins við hvort foreldra um sig, hvort foreldra hefur séð meira um daglega umönnun barnsins, hvort foreldra er líklegra að virða rétt barnsins til umgengni við hitt foreldrið og fleira.

## Gjafsókn

Ef deilur vegna skilnaðar eða forsjár barna verða ekki leystar öðruvísi en með dómi er rétt að kanna möguleika á gjafsókn í málinu. Í gjafsókn felst að kostnaður aðila í dómsmáli er greiddur úr ríkissjóði, að hluta eða öllu leyti. Gjafsókn nær þó aldrei til þess kostnaðar sem sá sem tapar málinu getur þurft að bera þegar hann er dæmdur til að greiða málskostnað gagnaðilans. Bæði sá sem höfðar mál og sá sem er stefnt geta sótt um gjafsókn (venjulega sér lögmaður hvors aðila um umsókn til gjafsóknarnefndar). Nánari upplýsingar er að finna á: [www.mcc.is](http://www.mcc.is).

## Umgengnisréttur

Barn á rétt á umgengni við báða foreldra sína þó þeir búi ekki saman. Best er fyrir barnið að foreldrar geri samkomulag um umgengni, það þýðir að þau ákveða saman hve oft og hve lengi barnið dvelji hjá því foreldri sem það býr ekki hjá. Ef ekki næst samkomulag um umgengni er hægt að óska eftir úrskurði sýslumanns.

Algengt er að sýslumaður úrskurði að foreldrið sem barnið býr ekki hjá eða forsjárlausu foreldrið skuli hafa umgengnisrétt við barn sitt aðra hverja helgi, hluta af sumarleyfi og að hluta yfir stórhátíðir og frídaga. Sýslumaður getur þó ákveðið að umgengnisrétturinn skuli vera meiri eða minni eftir aðstæðum í hverju tilfalli.

القاضي يحكم بالحضانة لاحد الزوجين منطلقاً من مصلحة الطفل , فهو ينظر مثلاً بمن يتعلق الطفل اكثر من الوالدين و من كان يعتني بالطفل من قبل اكثر من الاخر و من هو من الوالدين سيكون في نظر القاضي اكثر احتراماً لمسؤولية السماح للاخر بالالتقاء بالطفل و امور اخرى.

## المعونة القانونية القضائية

اذا لم يتم الاتفاق على الطلاق او الحضانة الا عن طريق المحكمة فالامكان طلب المعونة القانونية القضائية.

المعونة القضائية تعني ان الحكومة تدفع جزء من تكاليف المحكمه او جميعها . لكن في حالة ان المحكمة تحكم على خاسر القضية ان يتكفل تكاليف المحكمه لن تعطى المعونة القضائية. ممكن لرافع القضية او المرفوع قضية عليه ان يطلب المعونة القضائية (عادة يطلبها محامي الموكل من القائمين على المعونة القضائية)للمزيد من المعلومات على موقع

[www.mcc.is](http://www.mcc.is)

## حق اللقاء بالاهل

الطفل له حق اللقاء و التعامل مع كلا الوالدين حتى لو كانوا منفصلين و الافضل للطفل ان يتفق الاهل على لقائهم به بما معناه الاتفاق على فترات الاقامة عند الام و الاب الذي لا يقيم عنده و ان لم يتفقا على ذلك بالامكان التوجه الى المحافظ.

الدارج ان المحافظ يقضي بمكوث الطفل عند احد الوالدين الذي لا يقيم معه مرة كل اسبوعين في فترة نهاية الاسبوع اي ثلاث ايام و ليلتين و جزء من العطلة الصيفية و اجزاء من الاعياد و العطل الاخرى و يستطيع المحافظ ان يقضي بفترة اكثر او اقل حسب القضية.

## Dvalarleyfi

Ef vera þín á Íslandi byggir á fjölskyldusameiningu og þú skilur eða slítur sambúð, þá breytast forsendur fyrir skráningu þinni í landið eða leyfi til dvalar. Því er nauðsynlegt fyrir þig að afla þér nánari upplýsinga hjá Útlendingastofnun ([www.utl.is](http://www.utl.is)), Þjóðskrá ([www.fmr.is](http://www.fmr.is)), Fjölmenningssetri ([www.mcc.is](http://www.mcc.is)) eða Kvinnaráðgjöfinni ([www.kvinnaradgjofin.is](http://www.kvinnaradgjofin.is)).

Ef þú ert ríkisborgari landa Afríku, Norður- eða Suður-Ameríku, Asíu, Ástralíu og Eyjaálfu eða Evrópulanda utan EES/EFTA og slítur hjúskap eða sambúð vegna þess að þú eða barn þitt hefur sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu, er undanþáguheimild í Útlendingalögnum til að framlengja fjölskyldusameiningarleyfi. Til að þú getir sýnt fram á að ofbeldið hafi átt sér stað er afar brýnt að leita til lögreglu, bráðamóttöku eða læknis, sem skráir öll tilvik hjá sér. Einnig er hægt kalla til vitni og mikilvægt er að varðveita öll sönnunargögn sem máli skipta, til dæmis tölvupósta/sms með hótunum.

Litið er til margra þátta áður en ákvörðun um dvalarleyfi er tekin, meðal annars lengdar hjúskapar eða sambúðar og tengsla þinna við landið. Dvalartími þinn á landinu skiptir máli varðandi tengsl við landið og einnig ef þú átt barn hér á landi sem stundar nám í skóla. Einnig skiptir máli hvort þú takir þátt í félagsstarfi, átt hér nána ættingja og svo framvegis. Ef aðstæður í heimalandi þínu eru þannig að fráskiðar konur verða fyrir aðkasti eða ofsóknum þá skiptir það máli. Önnur atriði skipta líka máli, en hvert tilvik er skoðað fyrir sig.

Heimasíða Útlendingastofnunar er: [www.utl.is](http://www.utl.is).

## تأشيرة الإقامة

إذا كانت تأشيرة الإقامة لديك مبنية على أساس لم الشمل فيحالة الانفصال أو الطلاق يتوجب عليك تغيير التأشيرة للمزيد من المعلومات يمكنك التوجه الى وزارة الداخلية [www.mcc.is](http://www.mcc.is) أو ملتقى الحضارات [www.fmr.is](http://www.fmr.is) أو السجل الوطني [www.utl.is](http://www.utl.is) أو [www.kvinnaradgjofin.is](http://www.kvinnaradgjofin.is) استشارات المرأة

إذا كنت حامل جنسية افريقية، شمال أو جنوب امريكية، اسبوية، استرالية، أو اوروبية خارج الرابطة الأوروبية للتجارة الحرة أو الاتحاد الاقتصادي و انفصلت عن شريك حياتك بسبب عنف عائلي فيتحتّم على وزارة الداخلية بتمديد تأشيرة الإقامة و لاثبات حالة العنف المنزلي يتوجب عليك الاتجاه الى الشرطة أو المستشفى أو الطبيب عند تعرضك أو تعرض اطفالك للعنف اللذين يدونون الحدث و ايضاً يمكن الاستعانة بشاهد و من الضروري الاحتفاظ باي اثباتات كبريد الكتروني أو اشارة نصية تحتوي على التهديد.

قبل الحسم في قضية تأشيرة الإقامة على سبيل المثال فترة الحياة الزوجية أو الإقامة و علاقاتك في البلد، مدة اقامتك في البلد تؤثر و ايضاً ان كان لك اطفال يذهبوا الى المدرسة و ان كنت فعالة في نشاطات اجتماعية و ان كان لديك اقارب في البلاد. و ان كان في بلادك الاصلية يصعب على المرأة المطلقة الحياة بدون اضطراد و عوامل اخرى تؤثر ايضاً و كل [www.utl.is](http://www.utl.is) قضية تدرس على حده. عنوان وزارة الداخلية

## Meðlagsgreiðslur

### a) Samkomulag og úrskurðir um meðlag

Einstætt foreldri á rétt á greiðslu meðlags frá hinu foreldrinu þar til barn nær 18 ára aldri. Við skilnað er oftast gert samkomulag um meðlag og það staðfest af sýslumanni. Tryggingastofnun ríkisins sér um meðlagsgreiðslur og þær hefjast þegar stofnunin hefur fengið eintak af meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi frá sýslumanni. Í flestum tilfellum þarf fólk sjálf að sjá um að koma þeim skjölum þangað.

Ef foreldri neitar að greiða meðlag eða ef foreldrar eru ekki sam mála um fjárhæð meðlagsins getur forsjárforeldrið eða foreldrið sem barnið á lögheimili hjá, ef forsjá er sameiginleg, krafist þess að sýslumaður kveði upp úrskurð um meðlagsgreiðslur.

### b) Aukið meðlag, menntunarförlag og sérstök förlög

Ef meðlagsskylda foreldrið hefur mun hærra tekjur en hitt, þá er hægt að fara fram á aukið meðlag, til dæmis tvöfalt. Sýslumaður úrskurðar um meðlagið og tekur mið af skattförlögum foreldra, launaseðlum og aðstæðum hvors um sig. Ef fallist er á aukið meðlag þarf foreldrið sjálf að innheimta það af meðlagsskylda foreldrinu. Auk mánaðarlegs meðlags með barni skal meðlagsskylt foreldri leggja fram sérstök förlög vegna útgjalda við skírn barns og fermingu eða vegna sjúkdóms eða af öðrum sérstökum ástæðum. Barn getur gert kröfu um förlag til menntunar frá meðlagsskyldu foreldri fram til 20 ára aldurs.

### c) Bráðabirgðaúrskurður um meðlag

Á meðan deila foreldra um forsjá barns er óleyst getur það foreldri, sem barnið dvelur hjá, óskað eftir að sýslumaður kveði upp bráðabirgðaúrskurð um meðlagsgreiðslur. Sá úrskurður gildir þar til endanlegur meðlagsúrskurður er kveðinn upp.

Upplýsingar um meðlag og meðlagsgreiðslur eru á vef Tryggingastofnunar: [www.tr.is](http://www.tr.is).

## دفعات اعالة الطفل

### اتفاقيات و احكام عن اعالة الطفل

يحق للوالد الذي لديه حضانة الطفل ان يتلقى دفعات اعالة الطفل من الوالد الاخر حتى يبلغ الطفل الثامنة عشر . عند الانفصال يتم الاتفاق على اعالة الطفل و يوثق المحافظ ذلك التامين الوطني هو المسؤول عن دفعات الاعالة و تبدا عندما تصلهم نسخة عن ورقة الطلاق او اتفاقية الاعالة, في العادة يتوجب على الاشخاص المعنين بالذهاب مع الاوراق للتامين.

2- اذا رفض احدي الوالدين دفع الاعالة او ان لم يتفق الوالدين على دفعات الاعالة فيستطيع الوالد الذي يحضن الطفل المطالبة بزيادة الاعالة على سبيل المثال مضاعفة الاعالة و يعطي المحافظ استثناء للكشف الضريبي و كشف الراتب لكلي الوالدين و ايضاً حالتهم الاقتصادية و اذا حكم بزيادة الاعالة يجب على الام او الاب الحاضن للطفل ان يطالب بالزيادة بنفسه من الطرف الاخر و على دافع الرعاية ان يساهم ايضاً عند المناسبات الخاصة مثل المرض او حفل تعميد او ما شابه, و يستطيع الطفل طلب تمديد الاعالة بسبب الدراسة حتى سن العشرين.

### 3- حكم مؤقت لدفع الاعالة للطفل

في حالة انه لم يتم الاتفاق على حضانة الطفل يحق للاب و للام الذي يسكن الطفل لديه ان يقدم لدى المحافظة يطلب الاعالة المؤقتة و تستمر الاعالة المؤقتة حتى ان يتم الحكم بالحضانة.

للمزيد من المعلومات عن الاعالة و دفعات الاعالة لدى التامين الوطني على

[www.tr.is](http://www.tr.is).

## Barnabætur

Barnabætur eru greiðslur til barnafólks, sem eru greiddar út fjórum sinnum á ári. Einstæðir foreldrar fá hærri barnabætur en hjón, en tekið er tillit til tekna foreldra eða forsjáraðila við útreikning barnabóta. Barnabætur eru greiddar vegna barna að 18 ára aldri og út árið sem þau verða 18 ára. Eftir skilnað fær það foreldra sem barnið á lögheimili hjá barnabæturnar. Þar til skilnaður liggur fyrir er barnabótafyrirkomulag óbreytt.

Ríkisborgarar EES ríkja sem vinna hér á landi geta átt rétt á barnabótum með börnum sem eru á þeirra framfæri og eru búsett í öðru EES ríki. Sækja þarf sérstaklega um þær bætur. Upplýsingar um barnabætur og umsóknareyðublöð eru á vef Ríkisskattstjóra: [www.rsk.is](http://www.rsk.is).

## Fjárhagsaðstoð

Ef þú getur ekki séð fyrir þér eða fjölskyldu þinni, getur þú leitað aðstoðar hjá félagsþjónustu þíns sveitarfélags. Þú getur einnig óskað eftir fjárhagsaðstoð vegna tímabundinna erfiðleika, til dæmis skilnaðar, atvinnuleysis (einnig ef þú átt ekki rétt á atvinnuleysisbótum).

Tímabundin aðstoð hefur ekki áhrif á framlengingu dvalarleyfis.

## Húsaleigubætur

Þú getur sótt um húsaleigubætur hjá félagsþjónustum sveitarfélaga. Hvort húsaleigubætur fái greiddar fer eftir leiguupphæð, tekjum og fjölskyldustærð. Upplýsingar um húsaleigubætur er að finna í bæklingnum Fyrstu skrefin á Íslandi, hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna og félags- og tryggingamálaráðuneytinu, [www.felagsmalaraduneyti.is](http://www.felagsmalaraduneyti.is).

## مساعدة الاطفال

و هي دفعات مساهمة للأشخاص الذين لديهم أطفال و تدفع على اربع دفعات في السنة و ان كان الام او الاب وحيد مع الاطفال تكون المساعدة اكبر من التي هي للأسرة الكاملة. و يأخذ بعين الاعتبار دخل الوالدين عند حساب المساعدة تدفع المساعدة حتى يصل الطفل سن الثامنة عشر و في السنة الثامنة عشر للطفل ايضاً بعد الانفصال تدفع المساعدة لأحد الوالدين الذي لديه الحضانة و يتم ذلك عندما يتم تسليم الاوراق التي تثبت ذلك.

حاملتي زواج السفر من دول الاتحاد الاقتصادي الاوروبي و يعملون هنا في البلاد ممكن ان يكون لهم الحق في دفعات مساعدة الاطفال لأطفال تحت رعايتهم و يسكنون في دول الاتحاد الاقتصادي. للمزيد من المعلومات عن المساعدات و طلبات المساعدة تجدونها على

[www.rsk.is](http://www.rsk.is).

## مساعدات مالية

اذا لم تستطيع اعادة نفسك او عائلتك يمكنك طلب المساعدة مالية من الخدمة الاجتماعية في بلدتك. و يمكنك ايضاً طلب مساعده مالية لاسباب مؤقتة مثل الطلاق او فقد العمل (ان كان ليس لك الحق في تعويض البطالة)

\*المساعدة المالية المؤقتة لا تؤثر على تجديد تأشيرة اقامتك

## مساعدة في السكن

بإمكانك طلب مساعدة في ايجار السكن من الخدمة الاجتماعية في منطقتك و ان تمت الموافقة عليه فتكون المساعدة حسب ثمن الايجار و الدخل و حجم العائلة. معلومات عن مساعدة السكن موجودة في كتيب (الخطوة الاولى في ايسلندا) و لدى الخدمة الاجتماعية في [www.felagsmalaradunryti.is](http://www.felagsmalaradunryti.is) مختلف المناطق و الضمان الاجتماعي على

## Nánari upplýsingar

[www.kvennaathvarf.is](http://www.kvennaathvarf.is) Kvennaathvarfið, sími: **561-1205** (opið allan sólarhringinn). Athvarf fyrir konur og börn sem flýja að heiman vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra heimilismanna. Athvarfið er einnig fyrir konur sem hafa orðið fyrir nauðgun.

[www.stigamot.is](http://www.stigamot.is) Stígamót, Hverfisgötu 115, sími: **562-6868**, eru ráðgjafarmiðstöð fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis og upplýsingamiðstöð um kynferðisofbeldi.

[www.kvennaradgjofin.is](http://www.kvennaradgjofin.is) Kvennaráðgjöfin, Túngötu 14, sími: **551-1550**. Ókeypis félags- og lögfræðiráðgjöf fyrir konur. Opið á fimmtudögum frá kl. 14-16 og á þriðjudagskvöldum frá kl. 20-22.

[www.karlarartilabyrgdar.is](http://www.karlarartilabyrgdar.is) Karlar til ábyrgðar, sími: **555-3020**. Sérhæft meðferðaúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum. Um er að ræða einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum.

[www.utl.is](http://www.utl.is) Útlendingastofnun, Skógarhlíð 6, sími **510-5400**. Þar eru upplýsingar um tegundir dvalarleyfa, skilyrði fyrir veitingu þeirra og fleiri réttindi.

[www.mcc.is](http://www.mcc.is) Fjölmenningssetur, Árnagötu 2-4, Ísafirði, símar: **450-3090** (íslenska/enska), **470-4702** (taíleska), **470-4705** (spænska), **470-4706** (litháíska), **470-4707** (rússneska), **470-4708** (pólska), **470-4709** (serbneska/króatíska). Hjá Fjölmenningssetri má fá upplýsingar um flest er varðar innflytjendamál, íslenskt samfélag, íslenskukennslu, réttindi og skyldur, túlka- og þýðingarþjónustur og fleira.

[www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is) Jafnréttisstofa. Þar er að finna upplýsingar um jafnrétti kynja.

[www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar](http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar) Þar eru ýmsar upplýsingar um innflytjendur og innflytjendamál.

و على هاتف **5611250** جمعية [www.kvennaathvarf.is](http://www.kvennaathvarf.is) للمزيد من المعلومات مساعدة المرأة و يستقبل الجمهور على مدار الساعة و هي جمعية للنساء و الاطفال الفارين من منازلهم بسبب عنف اسري من قبل الزوج او شريك السكن هي ايضا للنساء اللواتي يتعرضن للاغتصاب.

115 هاتف **5626868** و هو مقر معلومات [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is) عنوان hvevfisgotu و مساعدات لضحايا العنف الجنسي

نسائيه, هاتف **5511550** استشارة اجتماعية [www.kvennaradgjofin.is](http://www.kvennaradgjofin.is) استشارة قانونية مجانية للنساء يستقبل الجمهور في ايام الخميس من الساعة الثانية حتى الرابعة ايام الثلاثاء من الساعة الثامنة حتى العاشرة مساءً.

هاتف **5105400** للاستعلام عن انواع [www.utl.is](http://www.utl.is) skogavhlit وزارة الداخلية تأشيرات الاقامة و تصاريح عمل و تصاريح اخرى.

هاتف لغة ايسلنديه و [www.mcc.is](http://www.mcc.is) Irsafirt Arnagata 24 مركز الحضارات انجليزية **4503090** و لغة تايلندية **4704702** و اسبانية **4704705** و ليتوانية **4704706** و روسية **4704707** و بولندية **4704708** صربية و اوكرانية **4704709** لدى مركز الحضارات تجد معظم المعلومات المتعلقة بامور الاجانب, الحضارة الايسلندية, دورات لغة ايسلندية, حقوق و واجبات, خدمة ترجمة و خدمات اخرى.

مركز المساواة و هناك تجدين معلومات عن المساواة بين الجنسين [www.jafurettin.is](http://www.jafurettin.is)

هناك معلومات عن الجانب و [www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkur](http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkur) امورهم

[www.rsk.is](http://www.rsk.is) Ríkisskattstjóri, sími: **563-1100**. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um skattamál, barnabætur, vaxtabætur, persónuafslátt og framtalseyðublöð á nokkrum tungumálum (ensku, dönsku, finnsku, norsku, sænsku, frönsku, spænsku, þýsku, pólsku og rússnesku).

Símar Neyðarmóttöku vegna nauðgana í Fossvogi:

**543-1000** – aðalskiptiborð Landspítala **543-2000** – afgreiðsla bráðadeildar í Fossvogi – **543-2094** – Neyðarmóttakan á dagvinnutíma **543-2085** – Áfallamiðstöð LSH

Sími neyðarmóttöku á Akureyri:

**463-0800**

Einnig veitir félagsþjónustan í þínu sveitarfélagi ýmsa ráðgjöf og aðstoð.

Neyðarsími lögreglu er **112**

و سلطة الضرائب هاتف **5631100** هناك معلومات عن الضرائب , [www.rsk.is](http://www.rsk.is) مساعدة الطفل , التخفيض الشخصي و ملفات الضريبة الشخصية في عدة لغات (انجليزية , دنماركية , فنلندية , نرويجية , سويدية , اسبانية , فرنسية , المانية , بولندية , روسية)

ارقام الهواتف مراكز الطوارئ في

fossvogur

الاستعلامات الرئيسية **5431000**

قسم الطوارئ **5432000**

قسم الطوارئ في اوقات دوام النهار **5432044**

قسم الصدمات **5432085**

رقم هاتف مركز الطوارئ في

Akureyri

**4630800**

و يمكن التوجه الى مراكز الخدمة الاجتماعية لتلقي الارشادات و المعلومات المختلفة

هاتف الطوارئ **112**

Ef þú getur svarað einhverri af þessum spurningum játandi er hættu á að þú sért í ofbeldissambandi:

## Á eitthvað af neðantöldu við um maka þinn?

- Óttastu hann undir einhverjum kringumstæðum?
- Er hann uppstökkur, skapbráður og/eða fær bræðiköst?
- Verður hann auðveldlega reiður undir áhrifum áfengis?
- Reynir hann að koma í veg fyrir að þú farir þangað sem þú vilt fara eða að þú stundir vinnu, skóla eða áhugamál?
- Fylgist hann með þér hvar og hvenær sem er?
- Ásakar hann þig sífellt um að vera sér ótrú?
- Gagnrýnir hann þig, vini þína og/eða fjölskyldu?
- Ásakar hann þig stöðugt – ekkert sem þú gerir er rétt eða nógu vel gert?
- Segir hann að „eitthvað sé að þér“, þú sért jafnvel „geðveik“?
- Gerir hann lítið úr þér fyrir framan aðra?
- Hefur hann yfirráð yfir fjármálum ykkar og krefst skýringa á hverri krónu?
- Eyðileggur hann persónulegar eigur þínar af ásettu ráði?
- Hrópar/öskrar hann á þig eða börnin?
- Ógnar hann þér með svipbrigðum, hreyfingum eða bendingum?
- Hótar hann að skaða þig, börnin eða aðra þér nákomna?
- Þvingar hann þig til kynlífs?
- Hefur hann ýtt við þér, hrint þér, slegið til þín eða slegið/barið þig eða börnin?

تم الكشف عن حالات خداع من قبل الرجال على زوجاتهم الاجنبيات الاصل للتمكن من ابتزازهن و السيطرة الغير شرعية عليهن و هنا بعض الامثلة عن هذه الحالات.

\*هل يتوجب على المرأة ان تطيع زوجها دون استثناء؟

لا فالرجل و المرأة سواسية و لا احد منهم يقرر للآخر.

\*هل يتوجب على المرأة ان تسلم زوجها راتبها جميعه؟

لا راتبك لك و لكل من الجل و المرأة ان يساهم في تكاليف الاسرة و يعتمد ذلك ايضاً على مستوى راتب كل منهما.

\*هل تكون حضانة الاطفال لدى الرجل اذا حصل طلاق او انفصال؟

لا فالحضانة تكون لكليهما و ان لم يتفقا على الحضانة نفسيهما فتتم الحضانة بموجب القضاء.

\*هل يتوجب على المرأة حسب العادات في ايسلندا ان تكون عارية في المنزل على الدوام حتى لو كان هنالك زائر؟

لا للمرأة الحق باللبس كما تشاء داخل و خارج المنزل.

\*هل يتوجب على المرأة حسب العادات ان تمارس الجنس مع صديق زوجها؟

لا فانت من يملك جسمك و ليس زوجك.

\*هل من حق زوجك ان يمارس الجنس معك متى و كيف يشاء؟

لا فلا يحق له ممارسة الجنس الا بموافقتك و رغبتك.

\*زوجي اغصيني على ممارسة الدعارة هل اسجن او اطرد من البلاد اذا كشف الامر؟

لا, فلا تحكم المرأة في حالة ممارسة الدعارة بل يحاكم كل من يدفع لممارسة الدعارة و يحاكم ايضاً من يكون حلقة وصل بين اثنين فبالتالي لا تحاكمي ابداً بل زوجك هو من يحاكم و ايضاً ممن يمارسوا الدعارة معك, و لا داعي للقلق بانك ستطردين من البلاد لهذا السبب.

إذا كانت اجابتك ايجابية لاي من هذه الاسئلة فتكوني في علاقة فيها عنف .

هل ينطبق اي من الوارد هنا على شريكك؟

هل تخافي منه بعض الاحيان؟

هل مزاجه متقلب في بعض الاحيان؟

هل يصبح عصبياً بسهولة و هو يحتسي المشروبات الكحولية؟

هل يحاول ان يمنعك من الذهاب الى مكان معين حيث تريدين الذهاب كالعامل او المدرسة او في قضاء هوياتك؟

هل يراقبك في اي مكان او زمان؟

هل يتهمك دوماً بالكذب عليه؟

هل ينتقدك او ينتقد عملك او اصحابك او عائلتك ؟

هل يتهمك على الدوام – كل ما تعملين غير صحيح او ليس بالمستوى المطلوب؟

هل يقول لك انك لست طبيعية او يقول لك انك مختلة عقلياً؟

هل يقلل من احترامك امام الآخرين؟

هل هو المسؤول عن المصروف المنزلي و يطلب توضيحاً لكل ما تنفقيه مهما كان المبلغ قليلاً؟

هل يتلف لك اغراضك الشخصية ان راق له؟

هل يصرخ عليك او يئنّبك او الاطفال؟

هل يخيفك بمعالم وجهه او حركاته او بالاشارة تجاهك؟

هل يهدد بايذائك انت او اطفالك او اقربانك؟

هل يغصبك على ممارسة الجنس ؟

هل حصل ان دفعك او وقعك او ضربك انت او اطفالك؟